



Persónuverndarstefna IcelandSIF

Samþykkt í apríl 2023

Persónuverndarstefna þessi er sett í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarstefnunni er ætlað að skýra hvernig IcelandSIF, kt. 461217-1330, (hér eftir einnig nefnt félagið) vinnur með persónuupplýsingar. Félagið ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi félagsins og telst ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu samkvæmt lögum.

1. Um hverja vinnur IcelandSIF upplýsingar

IcelandSIF vinnur persónuupplýsingar þínar þegar þú tekur þátt í starfi á vegum IcelandSIF, átt í samskiptum við IcelandSIF, t.d. með heimsókn á samfélagsmiðla og vefsíðu félagsins, skráningu á póstlista eða með því að gefa upp persónuupplýsingar í tengslum við skráningu á viðburði á vegum IcelandSIF. Vinnsla persónuupplýsinga getur eftir atvikum tekið til annarra sem sinna þjónustu fyrir félagið eða félagið er í samstarfi við eins og fyrirlesara, birgja og verktaka.

2. Hvaða persónuupplýsingar vinnur IcelandSIF og með hvaða hætti

Persónuupplýsingar sem IcelandSIF vinnur um einstaklinga flokkast undir almennar persónuupplýsingar. Dæmi um persónuupplýsingar eru grunnupplýsingar eins og nafn, kennitala og samskiptaupplýsingar eins og netfang og símanúmer.

Ljósmyndir og annað myndefni sem tekið er á viðburðum félagsins kann að vera birt á vefsíðu félagsins og í almennri umfjöllun um viðburðinn í fjölmiðlum eða samfélagsmiðlum í þágu markaðs- og kynningarstarfsemi.

3. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf. Vinnslan fer fram í skýrum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og eru ekki umfram það sem nauðsynlegt er í samræmi við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

Vinnsla er alltaf byggð á viðeigandi heimild samkvæmt persónuverndarlögum. Almennt byggir vinnsla á samþykki þínu s.s. þegar þú skráir þig á viðburði eða póstlista. Í ákveðnum tilvikum byggir vinnsla á lögmætum hagsmunum IcelandSIF, s.s. þegar myndir eru birtir í markaðs- og kynningarstarfsemi. Í þeim tilvikum sem vinnsla persónuupplýsinga byggir á samþykki getur þú hvenær sem er dregið samþykki þitt til baka og er þá þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt.

4. Miðlun persónuupplýsinga

IcelandSIF afhendir persónuupplýsingar ekki til þriðju aðila nema það sé skylt eða heimilt, svo sem á grundvelli laga eða með samþykki þínu. Í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að senda upplýsingar til samstarfsaðila eða vinnsluaðila sem vinna persónuupplýsingar. Slík miðlun er alltaf gerð í skýrum tilgangi og er ekki meiri en nauðsynleg er.



5. Réttindi einstaklinga

Samkvæmt persónuverndarlögum njóta einstaklingar ákveðinna réttinda til aðgangs, leiðréttingar og eyðingar að persónuupplýsingum um sig. Þá geta einstaklingar jafnframt andmælt vinnslunni. Einstaklingur getur farið fram á að fá persónuupplýsingum um sig eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í tengslum við tilganginn með söfnun eða vinnslu þeirra eða ef hann hefur afturkallað samþykki sitt eða andmælir vinnslu persónuupplýsinga um sig eða ef vinnsla persónuupplýsinga um hann samrýmist ekki lögum að öðru leyti.

Viljir þú koma á framfæri kvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga um þig eða ef þú vilt leggja fram beiðni sem varðar framangreind réttindi þín er þér bent á að senda erindi til IcelandSIF (sjá samskiptaform á vefsíðunni: <https://www.icelandsif.is/iceland-sif/haf%C3%B0u-samband/>) og verður erindið þá tekið til afgreiðslu. Þú getur líka komið kvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga um þig á framfæri beint til Persónuverndar á netfangið postur@personuvernd.is.

6. Varðveisla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan málefnaleg ástæða er fyrir varðveislu miðað við tilgang vinnslunnar. Við mat á viðeigandi geymslutíma er m.a. tekið mið af tegund persónuupplýsinga og tilgangi varðveislunnar og áhættunni af því að óviðkomandi fái aðgang að þeim. Ákvæði laga, þar á meðal um bókhald nr. 145/1994, kveða í mörgum tilvikum á um varðveislu gagna. Sömuleiðis kann varðveisla að byggja á lögmætum hagsmunum, svo sem að afmarka, setja fram og verjast dómkröfum.

7. Öryggi persónuupplýsinga og tilkynningar um öryggisbrest

IcelandSIF er umhugað um trúnað persónuupplýsinga og hefur gert viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar glattist ekki eða komist í hendur óviðkomandi aðila. Á vefsíðu félagsins er jafnframt að finna upplýsingar um [öryggi og persónuvernd](#) og hvernig vafrakökur (e.cookies) eru notaðar. Komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga, þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Persónuvernd og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.

8. Annað

Persónuverndarstefna þessi er samþykkt af stjórn IcelandSIF og verður uppfærð eins og þörf krefur og í samræmi við áskilnað laga á hverjum tíma.